Irving, W.:

Pílagrímur ástar-
innar.

Kmh. 1860.

PÍLAGRÍMUR ÁSTARINNAR,

EÐA

SAGAN AF AHMED AL KAMEL.


EPTIR **W. IRWING.**

KAUPMANNAHÖFN.

ÚTGEFANDI PÁLL SVEINSSON.

PRENTAÐ HJÁ I. COHEN.

1860.



69568

Einusinni var serkneskur konúngur í Granada, sem átti einkason, að nafni Ahmed; kölluðu hirðmenn hans sveininn að auknafni al Kamel, eða hinn fullkomna, af því þeir þóktust sjá á honum ljós merki þess, að hann mundi verða afbragð annara manna. Þessu voru og stjörnuspámennirnir samdóma og spáðu þeir því, að hann mundi verða hinn algjörvasti og hamíngjusamasti konúngur. Samt vofði eitt ský yfir forlögum hans og sló þó á það rósfögrum lit. Það lá fyrir honum, að verða ástamaður mikill og rata í háskasemdir útaf því. En sú var bót í máli, að yrði öllum ginníngum ástarinnar bægt frá honum þángað til hann yrði fulltíða, þá átti hann hina sælustu og rósömustu æfi fyrir höndum.

Til þess að koma í veg fyrir hættur þessar, réði konúngur það af, að uppala son sinn á afskekktum og einslegum stað, þarsem hann aldrei sæji kvennmann eða heyrði ástir nefndar á nafn. Lét hann því gera skrautlega höll á klettabrúninni fyrir ofan Alhambra, innanum inndæla aldinreiti, og lykja háum múrum á alla vega; sú höll heitir nú Generalife. Var kóngsson lokaður inni í höll þessari og falinn fræðslu og gæzlu Ebens Bónabbens, sem var allra arabiskra spekínga fjölfróðastur og óskemmtilegastur; hafði hann dvalið lengstum æfi sinnar á Egyptalandi og lagt þar stund á helgiskurðar letur; hafði hann og leitað innan um legstaði og pyramída og mundi honum þykja egypzk múmía fegri

en hin fríðasta ýngismey. Var vitríngnum skipað að kenna kóngssyni allskonar fróðleik, en eitt var þó undanskilið, því hann skyldi sjá svo um, að hann ekkert fengi að vita um ástina. „Gæt þú hverrar varúðar, sem þér þykir við eiga," mælti konúngur, „en minnstu þess Eben Bónabben! að ef sonur minn nemur nokkuð af hinni forboðnu fræði, meðan hann er undir þinni umsjón, þá varðar það lífi þínu." Þegar Eben Bónabben heyrði orð þessi, brá kuldalegu brosi yfir hinn þurlega svip hans; „verið þér," mælti hann, „eins óhræddur um son yðar, einsog eg er um höfuð mitt. Er nokkur von til þess, að eg kenni slíkan hégóma?"

Heimspekíngurinn hafði nú vandlega gætur á kóngssyni, og óx hann og dafnaði þar í höllinni. Tveir svartir þrælar voru til að þjóna honum, og báðir mállausir; þekktu þeir ekkert til ásta, enda hefðu þeir ekki getað lýst kunnáttu sinni fyrir kóngssyni, þó þeim hefði verið veitt hún. Lagði Eben Bónabben alla stund á að mennta hann og leitaðist við að kenna honum hin dularfullu egypzku fræði, en í þeim varð kóngssyni lítilla framfara auðið og sást það fljótt, að hann var með öllu óhæfur til heimspekilegra iðkana.

Annars var hann af úngum kóngssyni að vera, furðanlega eptirlátur og fús á að hlýða öllum áminníngum, og fór hann jafnan að ráðum kennara síns. Hann stríddi við sig að geispa ekki undir hinum laungu og lærdómsríku kenníngum Eben Bónabbens; nam hann af honum margskonar fróðleik, þó ekki yrði hann djúplærður í neinu, og náði hann farsællega tuttugasta árinu; var hann þá furðuverk konúnglegrar speki, en með öllu ófróður um ástina.

En um þetta leyti sást samt nýbreytni nokkur á háttum hans. Hann hætti alveg við lærdómsverk sín og fór að reika um aldingarðana og sitja hjá gosbrunnunum einsog í leiðslu. Honum hafði meðal annars verið kennt dálítið til

hljóðfæra listar, og varði hann mestöllum tíma sínum til að iðka hana. Spekíngurinn Eben Bónabben varð undireins áhyggjufullur og reyndi til að útrýma þessum hégóma grillum með bókstafareiknúngi, — en kóngssonur færðist undan með andstygð. „Eg hata bókstafareikníng,“ sagði hann, „eg hef hina mestu óbeit á honum; eg þarf einhvers, sem betur talar til hjartans.“

Vitríngurinn Eben Bónabben hristi höfuðið, er hann heyrði kóngsson mæla svo. „Nú er útséð um heimspekina,“ hugsaði hann með sér. „Kóngsson veit nú, að hann á hjarta í brjósti sér.“ — Hann hafði vandlega gætur á lærisveini sínum, og sá hann, að hin leynda ástarblíða hans var vakin og vantaði aðeins eitthvað, er ást hans gæti komið niður á. Hann ráfaði um lystigarðana frá sèr numinn af geðshræríngum, er hann eigi gat gert sjálfum sèr grein fyrir. Stundum sat hann hugfánginn, einsog hann væri að dreyma; tók hann þá fiðlu sína og náði hinum hjartnæmustu hljóðum úr strengjum hennar, þvínæst fleygði hann henni frá sér og andvarpaði ótt og títt.

Þetta elskuríka hugarfar fór nú að hneigjast að dauðum hlutum; hann átti sèr blóm, sem hann unni öðrum fremur og rækti þau með ástríkri alúð; þvínæst fór hann að leggja ást á ýms trè og var þar einkum eitt fagurvaxið með drúpandi laufum og limum; að því var hann mjög elskur, hengdi hann blómhrínga á greinar þess, saung kvæði því til lofs og lék undir með fiðlu sinni.

Vitríngurinn Eben Bónabben varð hugsjúkur útaf þessum skapbrigðum lærisveins síns. Hann sá að það var komið á fremstu nöfina, að hann kæmist að hinni forboðnu kunnáttu og gæti hið minnzta atvik orðið til þess. Varð hann því hræddur bæði um kóngsson og sjálfan sig og vatt bráðan bug að því, að slíta kóngsson frá freistíngum þeim,

er í aldingarðinum voru og lokaði hann inni í hæzta turni hallarinnar. Þar voru fögur herbergi og víðsýni mikið, og mændi turninn hátt yfir alla blómreitina og hina töfrandi lundi, sem höfðu svo mikil áhrif á hjarta Ahmeds.

En hvað skyldi nú gera til að sætta hann við varðhald þetta og hafa af honum leiðindin? hann hafði numið allan þann fróðleik, sem skemmtun gat verið að, og bókstafareikníng tjáði ekki að nefna á nafn. Það vildi til allrar hamíngju að Eben Bónabben hafði á Egyptalandi numið fuglamál af Rabbína nokkrum frá Gyðíngalandi; hafði það gengið til hans niður í ættir frá Salómoni hinum spaka, en hann hafði numið það af drottníngunni frá Shebu. Kóngsson brást glaður við, er hann heyrði um þessa námsgrein talað og stundaði hann hana með slíku kappi, að hann varð fljótt jafnsnjallur meistara sínum.

Nú var turninn honum ekki leingur neinn einverustaður, því nú hafði hann nóga lagsbræður til viðtals. Hinn fyrsti kunníngi hans var fálki, sem hafði hreiðrað sig í glufu einni í turninum og flaug hann þaðan í allar áttir til að leita sèr bráðar. Kóngssyni varð hann lítt að skapi. Hann var ekki annað en víkíngur, mikill í munni og raupsamur, og talaði aldrei nema um stríð og styrjöld og hin stórkostlegustu hervirki.

Þarnæst kynntist hann uglu; það var fjarska spekíngslegur fugl, geysi höfuðstór með starandi glirnur; sat hún allan daginn í veggjarholu einni og var að rányhvolfa í sèr augunum, en um nætur flaug hún út. Hún þóktist vera stórvitur, talaði um stjörnufræði og túnglið og lézt vera fjölkunnug; var hún og mjög hneigð til yfirnáttúrlegra vísinda og þókti kóngssyni enn leiðinlegra að heyra á hana en Eben Bónabben.

Þá var þar og leðurblaðka ein, sem liðlángan daginn

var að flökta úti skúmaskoti í hvelfíngu einni, en flaug jafnan út í ljósaskiptunum og sletti vængjunum. Hún hafði óljósar hugmyndir um alla hluti, hæddist að því, sem hún þó valla hafði séð og var sem hún ekki hefði gaman af neinu.

Auk þessara þriggja var svala ein, sem kóngssyni gazt vel að í fyrstu. Hún var tölug, en hafði aldrei eirð á sér, mesti málskaps fugl og var á sífeldu flökti. Hún kunni ekkert meira enn til hálfs og fór á hundavaði yfir allt, en þóktist samt vita allt út í hörgul, þó hún vissi ekkert til hlítar.

Þetta voru nú allir þeir vinafuglar, sem kóngssyni gafst kostur á að tala við túngumál það, er hann var nýbúinn að nema; turninn var hærri en svo, að aðrir fuglar kæmu þángað að jafnaði. Varð kóngsson fljótt leiður á þessum hinum nýju kunníngjum sem hvorki töluðu hyggilega né hjartnæmilega, og fór hann smámsaman að gerast einrænn einsog fyrri.

Leið svo veturinn, en vorið fór í hönd, blómlegt, gróðursælt og fullt af ángandi sætleik, byrjaði þá og hinn unnarsæli tími, er fuglar hreiðra sig og unnast. — Þá hófst allt í einu sætur fuglasaungur með hljóðfögrum klið í lundum og lystigörðum hallarinnar, og barst hljómurinn upp til kóngssonar þángað sem hann sat einmana í turninum. Heyrði hann kveðið í öllum áttum hið sama: ást—ást—ást, súngið og endursúngið með fjölbreyttum hljóðum og röddum; hlýddi kóngsson þegjandi á saunginn einsog í leiðslu. „Hvað er þessi ást?“ hugsaði hann með sér, „það er einsog hún uppfylli allan heiminn og þó þekki eg ekkert til hennar.“ — Leitaði hann því til fálkans, kunníngja síns, til þess að verða þess vísari. En vígafuglinn svaraði honum með fyrirlitníngu: „Þú verður að fara niður á jörðina og spyrja

hina friðsömu alþýðu fugla, sem eru skapaðir til að verða okkur loptkonúngunum að bráð. Hernaður er mitt starf og hef eg yndi af bardögum. Er þar stutt af að segja, eg er vígafugl og þekki ekkert til þess, sem kallað er ást.

Kóngsson gekk burt frá honum með andstygð og fór til uglunnar, þarsem hún kúrði ein sér. „Uglan er spektarfugl,“ hugsaði hann með sér, „og má vera, að hún geti leyst úr spurníngu minni.“ Beiddi hann þá ugluna að segja sér, hvað þessi ást væri, sem allir fuglarnir í lystiskógunum væru að kveða um.

Þá setti uglan á sig svip, svo að sjá mátti, að henni þókti tign sinni misboðið. „Nóttunum ver eg til bóknáms og ransókna,“ mælti hún „en á daginn sit eg í holu minni og grufla úti það, sem eg hef lært. Hvað saungfuglana snertir, sem þú minnist á, þá virði eg þá þess aldrei að hlýða á þá — eg fyrirlít þá og yrkisefni þeirra. Guði sé lof, að eg ekki kann að sýngja; eg er heimspekíngur og þekki ekkert til þessarar svonefndu ástar.“

Nú gekk kóngsson til hvelfingarinnar, þarsem leðurblaðkan hékk á löppunum, og bar sömu spurnínguna upp fyrir hana. Leðurblaðkan fitjaði með ólundarsvip upp á nefið og mælti önuglega: „Því ertu að glepja morgunsvefn minn með slíkri hégóma spurníngu?“ Eg flýg aldrei út nema í rökkrinu, þegar allir fuglar sofa og skipti eg mér aldrei af þeirra högum. Eg er hvorki fugl né dýr og þakka eg guði fyrir. Eg hef komizt að illsku þeirra allra og ber eg því hatur til þeirra; í stuttu máli, eg er mannhatari og þekki ekkert til þessarar svonefndu ástar.“

Nú leitaði kóngsson til svölunnar, því ekki var á öðru völ, og kallaði til hennar í því hún var að kríngsólast um efstu brúnina á turninum. Var þá ákaflega mikill asi á svölunni einsog vant var og gaf hún sér valla tíma til að

svara. „Eg segi þér það satt,“ mælti hún, „eg hef svo mörg opinber störf að annast og á í svo mörg horn að líta, að eg hef engan tíma til að hugsa um þesskonar efni. Eg þarf að vitja ótal staða á degi hverjum og grennzlast eptir ótal málefnum svo eg hef ekki svo mikið sem augabragðs tóm til þessara hégómlegu smámuna. Svo eg ekki eyði mörgum orðum, þá er eg heimsborgari og þekki ekkert til hinnar svonefndu ástar.“ Að svo mæltu þaut svalan niður í dalinn og hvarf samstundis úr augsýn.

Kóngsson sat eptir hálfríngladur og þókti von sín hafa illa brugðizt, en forvitni hans örfaðist því meira, sem örðugra reyndist að fullnægja henni. Meðan hann sat þarna í þúngu skapi, kom öldúngurinn fóstri hans í turninn. Kóngsson hljóp á móti honum með asa. „Spakvitri Eben Bónabben!“ mælti hann, „þú hefir kennt mér mikið af vizku þessa heims; en eitt er þó, sem eg er með öllu ófróður um og þess vildi eg verða vísari.“

„Kóngsson“, svaraði Eben Bónabben, „þarf ekki annað en að bera upp spurnínguna, og allt, sem er fyrir innan það svið, sem markað er þekkíngu minni, skal vera honum til reiðu.“

„Seg mér,“ mælti Ahmed, „þú, sem ert allra spekínga djúpvitrastur, hverrar náttúru er sá hlutur, sem nefnist ást?“

Þá var einsog Eben Bónabben væri lostinn reiðarslagi, svo brá honum við. Hann skalf og bliknaði upp í framan og þókti honum, sem höfuðið sæti laust á milli axla sér.

„Hvernig gat þér kóngsson minn!“ mælti hann, „komið til hugar að spyrja að þessu, hvar hefir þú numið slíkt hégóma orð?“

Kóngsson leiddi hann útað turnglugganum. „Hlustaðu á Eben Bónabben!“ mælti hann. Spekíngurinn hlustaði. Næturgalinn sat í þéttum runni fyrir neðan turninn og

gól mansaunga til rósarinnar, unnustu sinnar; hljómaði fagur saungur frá hverjum blómkvisti og hverjum skógar lundi og ást—ást—ást var hið óbreytta kvæðisefni.

„Mikill er drottinn!“ mælti spekíngurinn Bónabben. „Hver mundi treysta sér til að dylja leyndardóm þenna fyrir mannlegu hjarta, þegar jafnvel fuglar himinsins taka sig saman um að koma honum upp?“

Að svo mæltu víkur hann sér að Ahmed og segir: „Kóngsson minn! lokaðu eyrum þínum fyrir þessum tælandi saung. Lokaðu hugskoti þínu fyrir þessari háskalegu þekkíngu. Vita skaltu, að ást þessi ollir helfingi þeirra hörmúnga, sem kvelja dauðlega menn. Hún veldur dylgjum og fjandskap milli bræðra og vina, og hljótast af launvíg og róstusamir bardagar. Henni fylgja áhyggjur og harmar, daprir dagar og svefnlausar nætur. Hún kemur kyrkíngi í blóma æskunnar og spillir gleði hennar; hún veldur harmi og meinsemdum ótímabærrar elli. Guð láti þig, kóngsson minn! vera með öllu ófróðan um það, sem kallað er ást“.

Vitríngurinn Eben Bónabben gekk á burt í skyndi, og sat kóngsson eptir þúngt hugsandi útaf þessu. — Hann leitaðist við að útrýma því úr hjarta sínu, en það kom fyrir ekki, því það varð jafnan efzt á baugi í huga hans og kvaldi hann og þreytti sig á árángurslausum getgátum. En er hann hlustaði á hinn hljóðfagra fuglaklið, þá hugsaði hann með sér: Sannlega eru raddir þessar lausar við alla sorg; þær eru ekki annað en ást og gleði. Sé ástin undirrót slíkrar eymdar og illinda, því hnípa þá ekki fuglar þessir einmana eða rífa hver annan í sundur, í stað þess að þeir flögra fagnandi kríngum skógana eða skemmta sér innanum blómin?

Einn morgun lá hann í rúmi sínu og var að hugsa um þessa óskiljanlegu ráðgátu. Herbergis glugginn stóð opinn

fyrir morgun andvaranum, sem kom neðan úr Darró dalnum, þúngaður af ángan gulleplis blómanna. Kliður næturgalans heyrðist álengdar og kvað hann um sama efni og vant var. Hlustaði kóngsson á það andvarpandi, en í sama bili heyrðist vængja þytur í lopti; fögur dúfa, sem flýði undan fálka, sendist inn um gluggann og féll niður á gólfið með öndina í hálsinum, en ránsfuglinn, sem missti bráðar sinnar, flaug upp til fjallanna.

Kóngsson tók upp dúfuna, sem stóð á öndinni, strauk á henni fiðrið og hélt henni uppað brjósti sèr. En er hann hafði gert hana spaka með blíðlæti sínu, lét hann hana inní gullbúr og bauð henni hið hvítasta og smærsta hveiti og tærasta vatn. En hún hafnaði fæðunni og sat hnípin og drúpandi og klakaði aumkvunarlega.

„Hvað gengur að þér?“ mælti Ahmed. „Er þér ekki allt veitt, sem hjarta þitt getur óskað?“

„Æ, nei!“ ansaði dúfan, „er eg ekki skilin frá unnustu minni og það um blessaðan vortímann, sem er árstíð ástarinnar.“

„Ástarinnar!“ segir Ahmed, „kæri fugl minn! getur þú sagt mér, hvað ást er?“

„Það get eg kóngsson minn!“ svaraði dúfan, „og það harðla vel. Hún er ángur, ef einn er, sæla, ef tveir eru, þræta og fjandskapur, ef þrír eru. Hún er það töfraafl, sem laðar tvær verur saman og samtengir þær með ljúfu samlyndi, svo að þeim þykir sætt að vera saman, en sárt að skilja. Er engin sú vera, sem hafi dregið þig til sín með þessum böndum hinnar blíðu ástar?“

Þá svaraði kóngsson: „Mér þykir vænna um hann Eben Bónabben en nokkuð annað, sem til er; en opt er hann leiðinlegur og stundum þykist eg sælli, þegar hann er ekki hjá mér.“

„Eg tala ekki um þesskonar samlyndi“, mælti dúfan, „eg tala um ástina, meginafl og leyndardóm lífsins, hinn

töfrandi draum æskunnar og hina rósömu gleði ellinnar. Líttu út kóngsson minn! og sjáðu hvað öll náttúran er full af ástinni á þessari blessuðu árstíð! Hver sköpuð skepna á sér maka; hinn minnzti fugl kveður fyrir unnustu sinni, skorkvikindin í duptinu unnast og fiðrildin, sem þú sér flökta hátt í kríngum turninn og leika sjer í loptinu, þau njóta sælu hvert af annars ást. Æ! kóngsson! hefirðu lifað svo marga daga hinnar dýrmætu æsku þinnar, og þekkir ekkert til ástarinnar? Er engin kvennkyns vera, fögur kóngsdóttir eða önnur tígin mey, er fángið hafi hjarta þitt og fyllt það sárljúfri órósemi og sætri laungun?"

„Nú fer eg betur að skilja," mælti kóngsson andvarpandi, „eg hef optar enn einusinni kennt slíkrar óróar, þó ekki vissi eg af hverju hún væri sprottin; en hvar ætti eg að leita að slíkri unnustu, sem þú lýsir, í þessari hryggilegu einveru?"

Nú töluðu þau þetta nokkru leingur og lauk svo hinni fyrstu tilsögn, er kóngssyni var veitt í ástarefnum.

„Æ!" sagði hann, „sé ástin í raun og veru slík unun og valdi missir hennar slíkum harmi, þá varðveiti drottinn mig frá því, að spilla gleði nokkurs þess, sem helgar sig henni." Að svo mæltu lauk hann upp búrinu og tók dúfuna út úr því, kyssti hana síðan blíðlega og bar hana út að glugganum. „Fljúg þú láns fugl!" mælti hann, „njóttu fagnaðar með unnustu þinni í æskunni og vorblíðunni. Því skyldi eg láta þig verða lagsbróður minn í fángelsi mínu hér í þessum eyðilega turni, þar sem ástinni er úthýst?"

Dúfan baðaði út vængjunum af fögnuði og leið burt á þjótandi vængjum ofan að hinum blómlegu lundum í Darró dalnum.

Kóngsson horfði á eptir henni svo lángt sem augað eygði, en þvínæst lét hann bugast af sáru hugarángri.

Kliður saungfuglanna, sem áður hafði skemmt honum, varð nú ekki til annars en að auka á hrygð hans. Þeir kváðu án afláts um ástina og nú skildi hann helzt til vel, hvað þeir súngu.

Í næsta skipti er hann hitti spekínginn Eben Bónabben, var sem eldur brinni úr augum hans. „Því hefirðu haldið mér í þessari fyrirlitlegu fávísi?“ mælti hann. „Því hefir mér verið meinað að þekkja meginafl og leyndardóm lífsins, sem hið lítilfjörlegasta kvikindi skilur og skynjar? Sjáðu, hversu öll náttúran er frá sér numin af fögnuði! Hver sköpuð skepna á sér maka. Þetta er ástin, sem eg hef leitað vitneskju um. Því er mér einum fyrirmunað sælu hennar? Því hefir svo mikill tími æsku minnar verið látinn fara til ónýtis, án þess eg væri fræddur um, hvílíkan fögnuð hún veitir?“

Spekíngurinn Bónabben sá nú, að ekki var til neins að leyna nokkru úr því svo var komið, að kóngssonur var búinn að nema hina háskalegu forboðnu fræði. Sagði hann honum því, hvað stjörnuspámennirnir hefðu sagt fyrir og hverrar varúðar hefði gætt verið við uppeldi hans til að afstýra hættum þeim, er yfir vofðu. „Og er nú líf mitt á þínu valdi, kóngsson minn!“ mælti hann. „Því ef þú lætur konúnginn föður þinn komast að því, að þú hafir frædzt um ástríðu ástarinnar, meðan þú varst undir minni gæzlu, þá verður það minn bani.“

Kóngsson var eptirlátur einsog flestir únglíngar á hans reki og hlýddi hann ljúflega á fortölur læriföður síns. Þarhjá var hann Bónabben hollur í huga og með því hann enn sem komið var aðeins þekkti ástina að sögn, en ekki raun, þá einsetti hann sér að geyma það, er hann vissi í sínu eigin brjósti, heldur enn að stofna lífi vitríngsins í háska.

En það lá nú fyrir honum, að þagmælsku hans skyldi

verða freistað svo meira mark væri að. Nokkrum dögum síðar sat hann einn morgun á tindum turnsins þúngt hugsandi; þá kom dúfan fljúgandi, sem hann hafði sleppt lausri, og settist óhrædd á öxl honum

Kóngsson tók hana, hélt henni blíðlega upp að hjarta sínu og mælti: „Sæll ert þú fugl! sem flogið getur, einsog á vængjum morgunroðans til endimarka jarðarinnar. Hvar hefirðu verið síðan við skildum?“

„Í fjarlægu landi, kóngsson minn!“ svaraði dúfan, „og færi eg þér nú fréttir til að launa þér frelsisgjöfina. — Eg er vön að fljúga um láð og lög, yfir fjöll og sléttlendi, og svo bar til, er eg leið í loptinu, að eg sá fyrir neðan mig inndælan lystigarð með allskonar aldinum og blómum. Stóð hann á grænu engi fram með veltandi vatnsfalli, en í honum miðjum gnæfði glæsileg höll. Tyllti eg mér niður í lundi einum til að hvíla mig, því eg var móð af fluginu. Þar fyrir neðan mig sat úng kóngsdóttir á grænum grasbekk, í blóma og fegurð æsku sinnar. Umhverfis hana sátu þjónustumeyjar hennar, allar úngar að aldri einsog hún sjálf, og hlóðu þær á hana rósakerfum og blómhríngum; — en ekkert blóm, hvorki þar í garðinum né á víða vángi, mátti við hana jafnast, svo var hún yndisleg ásýndum. En þarna blómgvaðist hún í leyni, því háir veggir luktu garðinn á alla vega og var það einskis manns færi, að komast þar yfir. Þegar eg sá þessa fögru mey, svo únga og saklausa og óflekkaða af heiminum, þá hugsaði eg með mér: þarna er sú, sem guð hefir skapað til þess, að tendra elsku í hjarta kóngssonarins míns.“

Þessi lýsíng kom hjarta Ahmeds í uppnám, einsog eldi lysti í tundur; nú hafði hann það, er öll hin leynda ástarlaungun hans gat fest sig við og felldi hann óumræðilega elsku til kóngsdótturinnar. Ritaði hann nú hið hjartnæmasta bréf

og lýsti í því hinni brennandi elsku sinni, kvartaði hann og sáran undan ófrelsi því, er fyrirmunaði honum að leita hana upp, svo að hann gæti fleygt sér fram fyrir fætur henni. Bætti hann mansaungsvísum neðanvið bréfið, og voru þær kveðnar með blíðri og hjartnæmri orðsnild, því hann var náttúruskáld og hafði ríka andagipt af ástinni. Skrifaði hann þannig utan á bréfið: „Til hinnar ókunnu blómarósar frá bandíngjanum Ahmed kóngssyni;“ þvínæst gerði hann það ilmandi með desdupti og rósablöðum og fékk það dúfunni.

„Far nú á stað“, mælti hann, „þú, sem ert allra sendiboða tryggastur. Fljúgðu yfir fjöll og dali, fljót og grundir; þú mátt hvorki hvíla þig í lundi né tylla fæti þínum á jörð fyrr en þú ert búin að skila bréfinu til hennar, sem hjarta mitt elskar.“

Dúfan renndi sér hátt í lopt upp og flaug burt í beina stefnu. Mændi kóngsson á eptir henni, þángaðtil hún aðeins sást bera við ský nokkurt einsog dökkur depill og hvarf að fjalla baki.

Nú sat hann dag frá degi á gægjum til þess að vita, hvort sendiboði hans ekki kæmi aptur, en hann kom ekki að heldur. Fór hann að gruna dúfuna um gleymsku, en þá var það eitt kvöld um sólarlag, að hún flaug inn í herbergi hans, datt niður fyrir fætur honum og gaf upp öndina. Einhver bogmaður hafði hæft hana með ör í brjóstið, en samt hafði hún streitzt við að afljúka erindi sínu, allt frammí dauðann. Laut þá kóngsson hryggur ofanað þessum blíða píslarvotti trygðarinnar og sá hann að perlumen var bundið um hálsinn og áföst við það lítil litmynd, sem lá undir vængnum. Það var mynd yndisfagurrar kóngsdóttur í blóma æskunnar. Gat enginn vafi á því verið, að þetta væri blómarósin í lystigarðinum; en hver var hún og hvar í

heimi? Hvernig hafði hún tekið bréfi hans, og sendi hún mynd þessa í þeirri veru, að hún vildi þýðast ástir hans? Það hlauzt nú af dauða hinnar trygglyndu dúfu, að allt þetta var óljóst og efasamt.

Kóngsson starði á myndina þángaðtil augu hans fylltust tárum. Hann þrýsti henni að munni sér og hjarta og horfði á hana heilum stundum saman, hugstola af ofurmegni ástarinnar „Fagra mynd!“ mælti hann, „æ þú ert ekki annað en mynd. En samt horfa hin döggskæru augu þín blíðlega til mín; það er einsog hinar rósfögru varir þínar vilji tala til þess að hughreysta mig. En það er einber hugarburður. Hver veit nema hið sama hafi sýnzt einhverjum öðrum biðli, sem orðinn er mér hlutdrjúgari! En hvar í víðri veröld get eg vonast eptir að finna hana, sem myndin er gerð eptir? Hver þekkir þau fjöll og ríki, sem eru á milli okkar beggja, og getur ekki margt óhappið orðið til fyrirstöðu? Nú eru margir biðlar, ef til vill, að flykkjast utanum hana, meðan eg sit hér einsog bandíngi í turninum og eyði tímanum með því að tilbiðja skuggamynd þessa.“

Ahmed kóngsson var ekki lengi að taka saman ráð sín. „Eg flý burt úr höll þessari,“ mælti hann, „því hún er orðin mér að hvimleiðri myrkvastofu og mun eg leggja á stað einsog pílagrímur ástarinnar til að leita að þessari ókunnugu kóngsdóttur um víða veröld.“

Það hefði nú ekki verið neinn hægðarleikur að sleppa úr höllinni um dagtímann, þegar allir voru á ferli, en um nætur voru litlir sem engir verðir, því engum kom til hugar, að kóngsson mundi taka uppá slíku, þarsem hann jafnan hafði unað vel ófrelsi sínu. En hvernig átti hann að rata veginn á næturflótta sínum, þarsem hann var með öllu ókunnugur í landinu? Hann hugsaði þá til uglunnar, sem var

vön að vera náttförul og hlaut því að þekkja alla vegi. Leitaði hann því til hennar þángað, sem hún kúrði ein sèr og spurði, hvort hún væri kunnug í landinu.

Þá setti uglan upp þóttafullan svip og mælti: „Vita skaltu kóngsson, að vér uglurnar erum næsta gamalættaðar og er kyn vort víða niður komið, þó mjög sè því nú aptur farið. Það er valla nokkur vígturn áfjöllum uppi, né kastali á láglendinu eða varnarvirki í borgum, að ekki búi þar einhver bróðir minn, föðurbróðir eða frændi, og þegar eg hef farið orlofsferðir til þessa fjölmenna skyldfólks, hef eg gægzt inní hvern krók og kima og kynnt mèr alla leynistaði í landi þessu“. Kóngsson varð stórglaður, er hann sá að uglan var svo hundkunnug og sagði henni nú í trúnaði frá ást sinni, og kvaðst ætla sèr að strjúka; beiddi hann hana að vera leiðtoga sinn og ráðanaut.

„Ekki nema það!“ sagði uglan með þykkjusvip, „er þess nokkur von, að slíkur fugl sem eg er, fari að bendla sig við ástarmál? Eg, sem helga túnglinu og heimspekinni allan minn tíma!“

„Reiðstu mér ekki, æruverða ugla!“ segir kóngsson; „segðu nú um tíma skilið við heimspekina og túnglið og hjálpaðu mér til að flýja á burt, gerirðu það, skal eg veita þér allt, sem þú getur á kosið.“

„Það er mèr nú þegar veitt,“ sagði uglan; „fáeinar mýs eru fullnógur málsverður handa mèr, og veggjarhola þessi er fullstór til lærdóms iðkana minna; get eg, sem er heimspekíngur óskað mèr nokkurs framar?“

„Gættu þess, hávitra ugla!“ mælti kóngsson, „að meðan þú húkir í holu þinni og glápir á túnglið, þá missir heimurinn allra gagnsmuna af gáfum þínum. Einhverntíma verð eg einvaldur konúngur og má vera, að eg þá hefji þig til hinnar mestu tignar og metorða.“

Þó nú uglan væri heimspekíngur og hafin yfir hinar vanalegu þarfir lífsins, þá var hún samt ekki hafin yfir metorðagirndina. Lét hún því loksins til leiðast að strjúka burt með kóngssyni og vera leiðtogi hans og ráðgjafi á pílagrímsferð þeirri, er hann átti fyrir höndum.

Ástfángnir menn eru fljótir til að koma ætlun sinni fram. Kóngsson tíndi saman alla dýrgripi sína og stakk þeim á sig, því hann ætlaði þá sèr til farareyris. Næstu nótt seig hann niður á linda sínum ofanaf loptsvölum nokkrum á turninum, klifraðist yfir hina ytri múra hallarinnar og náði með leiðsögn uglunnar heilu og höldnu upp á fjöllin, áðuren dagur var á lopti.

Nú leitaði hann ráða hjá leiðtoga sínum um það, hvernig haga skyldi ferðinni framvegis.

„Viljir þú fara að mínum ráðum,“ mælti uglan, „þá legg eg það til, að þú haldir til Sevillu. Vita skaltu, að fyrir mörgum árum síðan fór eg að finna föðurbróður minn, hágöfuga og volduga uglu, sem bjó þar í hrörlegri höll. Um nóttina var eg á flökti yfir borginni og sá eg þá einatt, hvar ljós brann í turni, sem stóð einn sér. Settist eg loksins á turnbrúnina og sá að birtan stóð af lampa töframanns nokkurs frá Arabalandi; galdrabækurnar lágu kríngum hann í hrúgu, en á öxl hans sat einkavinur hans, afgamall hrafn, sem hafði fylgt honum frá Egyptalandi. Eg er kunnug hrafninum og mestallan fróðleik minn á eg honum að þakka. Töframaðurinn er nú dáinn, en hrafninn býr ennþá í turninum; það er mesta furða, hvað þeir fuglar eru lánglífir. Nú ræð eg þér, kóngsson! til að leita upp hrafninn, því hann er spáfugl og særíngafugl og þartil göldróttur einsog allir hrafnar eru alræmdir fyrir, einkum þeir á Egyptalandi.“

Kóngssyni þókti ráð þetta viturlegt og sneri hann því

undireins á leið til Sevillu. Gerði hann förunaut sínum það til eptirlætis, að hann fór jafnan náttfari, en á daginn lét hann fyrir berast í einhverjum dimmum helli eða hrundum varðturni, því uglan þekkti öll þesskonar fylgsni og hafði hið mesta yndi af rústum, einsog allir fornfræðíngar. Loksins náðu þau til Sevillu snemma morguns; uglunni var illa við ysinn og mannferðina á strætunum, lét hún því staðar numið fyrir utan borgarhliðið og fékk sèr þar húsnæði innaní holu trè.

Kóngsson gekk nú innum borgarhliðið og veitti honum hægt að finna töfraturninn, sem mændi yfir húsin í borginni einsog pálmatrè yfir smáviði á eyðimörk; það var sami turninn, sem stendur enn í dag og ber nafnið Gíralda, eða með öðrum orðum, hinn nafntogaði Serkneski turn í Sevillu. Gekk kóngsson uppeptir undnu riði, þángaðtil hann kom efzt upp í turninn og hitti hann þar galdrahrafninn; það var afgamall, íbygginn og grákollóttur hrafn með úfið fiður, og ský á öðru auganu, svo að hann var ærið draugslegur ílits. Hann sat á öðrum fæti og hengdi höfuðið utí aðra hliðina og rýndi með því auganu, sem heilt var, á spámynd eina, sem upp var dregin á gólfinu.

Kóngsson gekk að krumma með lotníngu og auðmýkt, sem von var, því fuglinn var hinn æruverðasti ásýndum og gæddur yfirnáttúrlegri vizku. „Fyrirgef mér!“ mælti kóngsson, „þú háaldraði, fjölkunnugi hrafn! þó eg allrasnöggvast glepji þig í bókiðnum þínum, sem allur heimur hefir að ágætum. Hèr er nú kominn til þín einn, sem hefir helgað sig ástinni, og vill feginn spyrja þig ráða hvernig hann eigi að öðlast það, sem honum leikur hugur á.“

„Með öðrum orðum“ ansaði hrafninn og gerði sig merkilegan á svipinn, „þú vilt reyna, hvort eg kann að lesa í lófa.

Komdu, lofaðu mér að sjá höndina, og láttu mig lesa úr rúnum forlaganna."

„Fyrirgefðu," mælti kóngsson, „eg er ekki kominn til að skygnast inn í leyndardóma forlaganna, sem drottinn hylur sjónum dauðlegra manna; eg er pílagrímur ástarinnar og leitast einúngis við að finna leiðarhnoða, svo eg geti náð fundi hennar, sem kom mér til að ráðast í pílagríms gaungu þessa."

„Og getur kvennmannsleysi amað að þèr í Andalúsíu, þarsem er svo gott til kvenna?" segir hrafninn gamli og gaut til hans hornauga; „þarftu að verða uppnæmur í Sevillu, þarsem svarteygu stúlkurnar dansa undir hverjum gullapaldri?"

Kóngsson roðnaði við og varð forviða, er hann heyrði svo lèttúðugt tal til gamals fugls, sem stóð með annan fótinn í gröfinni. „Þú mátt trúa mér til þess", mælti hann í fullri alvöru, „erindi mitt á ekkert skylt við lausúng eða flagarahátt, einsog þú gefur í skyn. Eg skeyti ekki hið minnzta um svarteygu stúlkurnar í Andalúsíu, sem dansa í gullepla skógunum við Guadalqvivir. Eg leita ýngismeyjar einnar, mér ókunnugrar, en óflekkaðrar, sem mynd þessi er gerð eptir, og bið eg þig, þú voldugi hrafn! að segja mèr, hvar eg geti fundið hana, svo framarlega sem speki þín eða íþrótt er þess umkomin."

Hrafninn grákollótti sneyptist nokkuð við alvörugefni kóngssonarins. „Hvað þekki eg," sagði hann þurlega, „til æsku eða fegurðar? Eg vitja þeirra, sem gamlir eru og hrumir, en ekki þeirra, sem eru hraustir og fríðir. Eg er sendifugl forlaganna, eg krúnka dauðaspár uppi á reykháfunum og blaka vængjunum á glugga hins sjúka manns; þú verður að fara til annara en mín, til að leita tíðinda af þessari ókunnugu blómarós þinni."

„Og hvar á eg að leita,“ mælti kóngsson „nema á meðal vitrínganna, sem eru heima í bókum forlaganna? Eg er konúngs sonur, kjörinn af stjörnunum og sendur til að koma fram leyndardómsfullu áformi, sem afdrif heilla ríkja geta verið undir komin.“

Þegar hrafninn heyrði, að málið var svo mikilvægt, að stjörnurnar tóku hlutdeild í því, þá breytti hann bæði málrómi sínum og látbragði og hlýddi með mesta athygli á sögu kóngssonar. En er hann hafði sagt hana til enda, tók hann þannig til máls: „Hvað kóngsdóttur þessa snertir, þá get eg sjálfur ekki frætt þig um hana, því eg flýg ekki innanum aldingarða og lundi júngfrúnna; en flýttu þér til Kordófu, og leitað uppp pálmatré hins mikla Abderahmans, er stendur í forgarði aðalhofsins Undir trénu muntu finna þann, sem víðförull er og komið hefir í öll lönd og til allra konúnga og verið dýrðlíngur drottnínga og kóngsdætra. Hann mun geta frætt þig um það, sem þú leitar að.“

„Haf kærar þakkir fyrir úrlausn þessa!“ ansaði kóngsson. „Lifðu vel, þú lotníngarverði særíngahrafn!“

„Lifðu vel ástar pílagrímur!“ sagði hrafninn drumbslega og sökkti sér aptur niðrí spámyndar gruflið.

Kóngsson flýtti sér burt úr borginni, leitaði upp uglúna förunaut sinn, sem hýmdi kyr í trèstofninum, og lagði þvínæst á stað til Kordófu.

Þegar hann var kominn í námunda við borgina, lá leiðin innan um hengigarða, gullapaldra og sítrónu skóga; sá hann þaðan yfir allan Gvadalqvívir dalinn. En er komið var að borgarhliðunum flaug uglan upp í dökkva holu í veggnum, en kóngsson fór leiðar sinnar til að spyrjast fyrir um pálmaviðinn, sem Abderahman hinn mikli hafði gróðursett í fornöld. Stóð hann í miðjum musteris forgarðinum og mændi yfir gullapaldrana og sýpresviðina. Múnkarnir sátu

í krossgaungunum í forgarðinum og voru margir múselmenn að þvo sèr við gosbrunnana til hreinsunar, áðuren þeir gengju inn í musterið.

Niðri undir pálmatrénu stóð mikill manngrúi, sem hlýddi á einhvern þann, er virtist hafa hið liprasta túngubragð, að því er heyra mátti. Þetta hugsaði kóngsson, mun vera sá hinn víðförli, sem á að fræða mig um kóngsdótturina ókunnu. Hann tróð sèr nú inn í mannþraungina, en hreint gekk fram af honum, er hann sá, að allur þessi mannsöfnuður var að hlýða á páfagauk; sat hann þar hróðugur með fagurgrænt brjóstfiður og greindarleg augu, kínkaði kollinum án afláts og var ekki ólíkur fugli, sem er yfirburða ánægður með sjálfan sig. „Hvernig stendur á því?" segir kóngsson við einn af þeim, sem næst stóðu, „að svo margir ráðsettir menn skuli hafa gaman af bullinu í þessum málóða fugli?"

„Þú veizt ekki, hvern þú talar um," sagði hinn, „páfagaukurinn sá arna er kominn af hinum nafntogaða páfagauk á Persalandi, sem orðlagður var fyrir það, hvað vel hann sagði sögur. Allur fróðleikur Austurlanda liggur honum á hraðbergi, og getur hann þulið kvæði utanbókar eins fljótt og hann talar. Hefir hann dvalið í hirð með mörgum útlendum konúngum og verið hafður að átrúnaði fyrir lærdóms sakir. Einkum hefir hann verið uppáhald kvennfólksins, því það hefir mestu mætur á lærðum páfagaukum, sem geta vitnað til kvæða."

„Þá veit eg nóg", sagði kóngsson. „Eg ætla að tala fáein orð við þenna víðförla merkis fugl undir fjögur augu."

Náði hann nú að tala við hann einslega og sagði honum erindi sitt. En óðara en hann hafði nefnt það á nafn, setti slíkan ofsahlátur að páfagauknum, að honum vöknaði um augu. „Fyrirgefðu," sagði hann „hvað mér varð glatt,

því í hvert sinn sem eg heyri ástina nefnda, get eg ekki að mér gert að hlæja.“

Kóngsson varð hlessa á þessu ótímabæra gamni. „Er ekki ástin,“ mælti hann, „hinn mikli leyndardómur náttúrunnar, hið hulda meginafl lífsins og allsherjarband samlyndisins?“

„Putt! Putt!“ segir páfagaukurinn og greip frammí fyrir honum, „hvar hefirðu lært þetta blíðskapar hjal? Þú mátt trúa mér til þess, ástin er alveg gengin úr gildi, hennar er nú aldrei getið á meðal gáfaðra og menntaðra manna.“

Kóngsson hugsaði þá til þess, hversu ólíkt dúfunni höfðu farizt orð og stundi hann við. Páfagaukur þessi, hugsaði hann með sèr, hefir lifað hirðlífi, hann þykist vera fíndinn og snyrtiherra mikill, en þekkir ekkert til ástarinnar. Vildi hann nú ekki að páfagaukurinn skyldi optar hlæja að ástríðu þeirri, sem var svo rík í hjarta hans og spurði hann því beinlínis að því, er laut að ferð hans.

„Seg mér,“ mælti hann, „þú hinn algjörvasti páfagaukur, þú, sem hefir komið í hina leyndustu lundi til fríðra kvenna, hefirðu nokkurntíma á ferðum þínum sèð meyna, sem þessi mynd er gerð eptir?“

Páfagaukurinn rètti út klóna og tók við myndinni, kinkaði kollinum til ýmsra hliða og skoðaði hana í krók og kríng. „Það veit trú mín,“ sagði hann, „að það er falleg stúlka, að tarna; ofur falleg, en eg sé svo margar fallegar stúlkur á ferðalagi mínu, að eg get valla — en bitti nú! — drottinn minn! nú þegar eg lít á hana aptur, sé eg að það er hún Aðalgunna kóngsdóttir, hvernig ætti eg að gleyma henni, sem þykir svo undur vænt um mig?“

„Aðalgunna kóngsdóttir!“ segir kóngsson, „og hvar get eg fundið hana?“

„Þey, þey!“ mælti páfagaukurinn, „það er hægra að finna hana en fá. Hún er einkadóttir kristins konúngs,

sem ríkir í Tóledó og er hún uppalin einslega og verður höfð í varðhaldi á laun við allan heim, þángaðtil hún verður seytján vetra, og er þetta gert eptir spásögu stjörnuspámannanna, þessara kumpána, sem sletta sér fram í allt. Þú munt ekki fá að sjá hana; engum dauðlegum manni verður þess auðið. Mér var einusinni hleypt til hennar til að skemmta henni og eg segi þér satt, og til þess máttu trúa páfagauk, sem sèð hefir veröldina, — eg hef talað við margar kóngsdætur um dagana, sem einfaldari eru en hún.“

„Nú skal eg segja þér eitt orð í trúnaði páfagaukur minn góður!“ mælti kóngsson, „eg er erfingi að ríki og einhverntíma mun eg sitja á konúngsstól. Eg sé að þú ert hinn fjölhæfasti fugl og þekkir á veröldina. Hjálpaðu mèr nú til að fá kóngsdóttur þessa og skal eg þá hefja þig til einhverra mikilla metorða í hirð minni.“

„Það erguðvelkomið,“ ansaði páfagaukurinn; „en láttu embættið verða náðugt, okkur gáfuðu fuglunum er lítið um að vinna.“

Nú bjuggust þeir á stað, og flýtti kóngsson sér frá Kordófu og fór útum sama hliðið, sem hann hafði komið inn um; kallaði hann á ugluna ofan úr veggjarholunni og sýndi henni hinn nýja félaga, sem átti að verða þeim samferða; fóru þau síðan leiðar sinnar.

Ferðin gekk miklu seinna en kóngsson vildi, því hann var hinn bráðlátasti, en páfagaukurinn var vanur höfðingja háttum og var úrillur á morgnana. En uglunni þókti gott að sofa um hádegisbilið og spiltist mikill tími fyrir dagsvefn hennar. Hún hafði og mikinn hug á fornmenjum og tafði það fyrir, því hún vildi jafnan standa við, þarsem rústir voru og ransaka þær, og kunni hún lygasögur um hvern gamlan turn eða kastala í landinu. Kóngsson hafði gert sèr í hugarlund að hún og páfagaukurinn mundu

verða hvert öðru til yndis og skemmtunar, úr því hvorttveggi var lærdóms fugl, en aldrei hafði honum verr skjátlazt. Þau sátu aldrei á sárshöfði. Páfagaukurinn var fundinn og gamansamur, en uglan var heimspekíngur. Páfagaukurinn hafði yfir kvæði, sagði álit sitt um nýjar bækur og var fjölorður um vísindalega smámuni; en uglunni þókti allur þesskonar fróðleikur vera einber hegómi og þókti ekki til neins koma, nema yfirnáttúrlegra vísinda. Var það þá opt, að páfagaukurinn kirjaði upp vísur, sagði frá hnittnum svörum og stakk félaga sínum margar sneiðir, hló hann þá fjarskalega að fyndni sjálfs sín, en uglunni þókti tign sinni og verðleika hörmulega misboðið með slíku athæfi; varð hún því fýluleg, svipill og bólgin af vonzku og talaði ekki orð mörgum dögum saman.

Kóngsson skeytti alls ekki um væríngar félaga sinna, því ástin hélt honum í leiðslu, og horfði hann án afláts á mynd kóngsdótturinnar fögru. Þannig fóru þau nú um hin hrjóstrugu skörð á Sierra Morena, ofan eptir hinu sólbrennda sléttlendi, La Mancha, og Kastilíu, og fram með bökkum hins „gullna Tagusfljóts,“ sem veltur í grænleitum bugðum eptir hálfri Spán og Portúgal. Loksins komu þau auga á rambygða borg, víggyrða með turnum, stóð hún á klettagjögri, er skagaði út í Tagusfljótið og skall straumurinn á því og klofnaði með beljandi iðukasti.

„Sjáðu,“ mælti uglan, „hina öldnu og alkunnu Tóledóborg, sem nafntoguð er sökum fornmenja sinna. Líttu á þessar lotníngarverðu hallir og turna, sem gráir eru af elli, það er einsog einhver sögulegur tignarsvipur sè á þeim; þar hafa margir forfeður mínir setið og grufflað.“

„Svei!“ sagði páfagaukurinn og greip fram í, „hvað varðar okkur um fornfræði og lygasögur og forfeðurna þína? Sjáðu heldur það, sem nú er nær hendi, sjáðu heimkynni

æskunnar og fegurðarinnar, sjáðu nú, kóngsson! heimkynni kóngsdótturinnar, sem þú hefir svo lengi eptir leitað.“

Kóngsson horfði þángað sem páfagaukurinn vísaði honum og sá hvar glæsileg höll mændi yfir inndælan aldingarð á skrúðgrænu engi fram með Tagusfljótinu. Samsvaraði það að öllu leyti lýsingu dúfunnar á bústað meyjar þeirrar, er myndin var gerð eptir. Þángað horfði hann og barðist hjarta hans ótt; hann hugsaði með sér: Nú er kóngsdóttirin fagra ef til vill að skemmta sér í þessum skuggasælu lundum, eða hún gengur léttfætt um hjallana fögru þarna, eða hún hvílir sig undir hinu háa hallarþaki. En er hann gætti betur að, sá hann að múrarnir umhverfis aldingarðinn voru geysi háir, svo ekki tjáði að leita á, og voru þeir varðir fjölda vopnaðra manna.

Þá vék kóngsson sér að páfagauknum og mælti: „Þú, sem ert allra fugla ágætastur, þú ert gæddur manns máli. Farðu nú sem fljótast í garðinn, leitaðu upp meyna, sem eg elska af alhuga og seg henni að Ahmed kóngsson sé kominn einsog pílagrímur ástarinnar eptir leiðsögn stjarnanna til að leita hennar á hinum blómlegu bökkum Tagusfljótsins.“

Páfagaukurinn varð hróðugur, er hann var beðinn sendiferðar þessarar; flaug hann til aldingarðsins og hóf sig uppyfir hina háu múra, flögraði hann nokkra stund yfir runnum og grasreitum, og settist á loptsvalir tjaldsalar eins, er skútti fram á fljótið. Skygndist hann þar inn um gluggann og sá hvar kóngsdóttir lá í rúmi sínu og hallaðist upp við dogg; hélt hún á bréfi og einblíndi á það, en tárin hrundu hægt og hægt ofan eptir kinnum hennar nábleikum.

Páfagaukurinn skók nú vængi sína, lagaði á sér brjóstfiðrið græna og hreykti upp fjaðratoppnum á kollinum, settist þvínæst hjá henni heldur spjátrúngslegur. „Þerraðu

af þér tárin fríðasta kóngsdóttir!“ sagði hann og gerði sig hálfklökkan í málrómnum, „eg er kominn til að hugga hjarta þitt.“

Kóngsdótturinni varð hverft við, er hún heyrði manns rödd, leit hún þá við og sá ekki annað en grænttypptan fugl, er stóð frammi fyrir henni með bukti og beygíngum. „Æ! hvað ætli þú getir huggað!“ sagði hún, „þú ert ekki nema páfagaukur.“

Páfagaukurinn stygðist við spurníngu þessa og mælti: „Eg hef huggað margar fríðar meyjar um dagana, en sleppum því nú. Að þessu sinni er eg híngað kominn einsog sendiboði frá konúngs syni. Vita skaltu að Ahmed kóngsson frá Granada er kominn að leita þín og hefir hann nú sett tjöld sín á bökkum Tagusfljótsins.“

Í því kóngsdóttir heyrði þetta, lifnuðu augu hennar og tindruðu skærar en demantarnir í höfuðdjásni hennar. „Blessaður vertu á meðal allra páfagauka!“ sagði hún, „miklar gleðifrèttir færirðu mér, því eg var lúin og máttvana og þvínær sjúk til dauða, af því eg vissi ekki, hvort Ahmed hafði trygga og staðfasta ást á mèr. Fljúgðu nú sem fljótast til hans aptur og segðu honum, að orðin, sem stóðu í brèfi hans hafi verið grafin á hjarta mitt, og að sál mín hafi lifað og nærzt af ljóðunum hans. En segðu honum, að hann verði samt að sanna ást sína með vopnaburði, því á morgun er hinn seytjándi afmælisdagur minn, og heldur faðir minn þá mikla burtreið; ætla ýmsir konúngasynir að reyna íþrótt sína og verð eg gefin þeim, er sigurinn ber úr býtum.“

Páfagaukurinn brá nú vængjum til flugs og flaug aptur þángað, sem kóngsson beið hans. Varð Ahmed frá sèr numinn af fögnuði, er hann sá að kóngsdóttirin, sem hann elskaði svo ákaft, var honum holl og trú í huga; þeir menn, sem það lán hefir hlotnazt, að dagdraumar þeirra hafa ræzt,

fá getið því nærri, hversu feginn hann varð. En eitt var þó sem dró úr fögnuði hans og það var burtreiðin, sem nú var fyrir höndum. Bakkar Tagusfljótsins glitruðu við af bliki hervopnanna og glumdu af lúðragángi, því fjöldi riddara með fríðu föruneyti var á leið til Tóledó og ætluðu þeir að vera við burtreiðina. Sama stjarnan, sem kóngsson var háður, hafði og ráðið forlögum kóngsdóttur. En orðstír fegurðar hennar hafði öllu heldur vaxið en rénað fyrir það, að hún var uppfædd á laun. Höfðu ýmsir voldugir konúngar og konúngasynir beðið hennar, en faðir hennar var kænn og vildi ekki baka sér fjandskap með því að taka einn fram yfir annan og kvað hann því bezt, að þeir gerðu út um mál þetta með vopnum sínum. Voru sumir af biðlum þessum frægir fyrir hreysti sína og krapta Var því illa komið fyrir Ahmed, þarsem hann var vopnlaus og fákænn í öllum riddaraskap.

„Mikill ólánsmaður er eg,“ sagði hann, „að eg skuli hafa verið uppalinn í einsetu og ófrelsi undir gæzlu heimspekíngs! hvað stoðar bókstafareikníngur og heimspeki, þarsem um ástir er að gera? Eben Bónabben! því varstu svo hirðulaus, að kenna mér ekki að bera vopn?“ Þá brá uglan þögn sinni og hóf ræðu með guðrækilegum inngángi, því hún var hin trúræknasta.

„Allah Akbar! mikill er drottinn!“ mælti hún, „allir leyndardómar eru í hans hendi, hann ræður einn forlögum konúnganna. Vita skaltu kóngsson, að land þetta er fullt af huldum dómum, sem dyljast öllum nema þeim, er grafast eptir fróðleik í myrkrunum, einsog eg geri. Vita skaltu, að hèrna í fjöllunum er hellir einn, og í þeim helli er járnborð, og á því borði liggja töfra herklæði, en hjá borðinu stendur hestur í álögum, sem hefir verið þar innibyrgður í marga manns aldra.“

Kóngsson undraðist mjög, er hann heyrði þetta, en uglan ránghvolfdi í sér augunum, reisti upp hornin og mælti enn fremur: „Einhverntíma fyrir mörgum árum síðan kom eg híngað með föður mínum og dvöldum við í hellirnum; komst eg á þann hátt að leyndardómnum. Sú saga gengur í ætt vorri og heyrði eg afa minn segja hana, þegar eg var dálítill ugluúngi, að þessi herklæði hefði átt serkneskur töframaður, er flýði í helli þenna, þegar kristnir menn unnu Tóledó og dó hann þar frá hesti sínum og hervopnum og var það lagt á hvorttveggja, að engin skyldi hafa not af þeim, nema sá, er múselmaður væri og þó ekki nema frá sólaruppkomu til hádegis. En hver, sem neytir þeirra á þeim tíma dags, mun leggja hvern mann að velli, sem hann á vopnaskipti við.“

„Þá þarf ekki meira“ mælti Ahmeð, „förum og leitum upp hellirinn!“

Kóngsson fann hellirinn eptir tilsögn uglunnar og var hann á afskekktum stað, þarsem hrjóstrugast var og eyðilegast i klettabeltunum kríngum Tóledó; mundi engum hafa tekizt að finna hellismynnið, nema uglu eða fornfræðíngi. Inni í hellirnum logaði á grafarlampa og slökknaði aldrei; stóð af honum hátíðleg birta. Á járnborði einu í miðjum hellirnum lágu herklæðin, og var reist upp við það burtstaung; hjá því stóð arabiskur hestur með fullkomnum reiðtygjum en ekki hreifðist hann heldur en steinn. Herklæðin voru björt og óryðguð og glóði á þau einsog í fornöld; hesturinn var eins bragðlegur og væri hann nýsóktur úr haga, lagði Ahmed hönd sína á makka honum og stampaði hann þá á gólfið og hneggjaði hátt af gleði svo að hellisveggirnir skulfu. Nú hafði kóngsson „hest að ríða og sverð að bregða“ og var fastráðinn í því, að reyna sig til þrautar í burtreiðinni, sem fyrir hendi var.

Nú rann upp burtreiðardagurinn. Var skeiðvöllurinn haslaður með grindum á sléttlendinu fyrir neðan múra Tóledóborgar, sem gnæfa uppi á klettunum, og voru þar uppi reistar svalir og pal'ar handa áhorfendum og breiddir yfir dýrindis dúkar, en silkivoðum tjaldað allt hið efra til hlífðar við sólarhita. Allar hinar fegurstu konur þar í landi voru þar saman komnar uppi á svölunum, en fyrir neðan skálmuðu glæsilegir riddarar með fjaðurskreytta hjálma og fylgdu þeim skósveinar þeirra og skjaldsveinar; innanum þá mátti og þekkja hina konúngbornu kappa, sem ætluðu að reyna sig í burtreiðinni.

Þá gekk Aðalgunna kóngsdóttir fram í tjaldstúku konúngs, og svo fagrar sem hinar aðrar konur voru, þá var þó sem myrkva slæji á fegurðarljóma þeirra, þegar hún birtist, einsog upprennandi sól. Urðu menn fángnir af undrun og gerðist málkliður mikill, því allir féllu í stafi, er þeir sáu, hversu hún ljómaði af fegurð og yndisleik, og hinir konúngbornu biðlar hennar, sem aldrei höfðu þekkt fríðleik hennar nema að afspurn, fylltust nú hálfu meira hugmóði en áður.

Kongsdóttirin sjálf var áhyggjufull í yfirbragði; hún gerði ýmist að roðna eða blikna og horfði flóttalega og kvíðvænlega yfir hinn fjaðurskreytta riddaraskara. En er lúðrarnir gullu við til merkis um að hefja skyldi atreiðina, kunngjörði kallarinn, að útlendur riddari væri kominn, og reið Ahmed þá fram á völlinn. Hann hafði stálhjálm á höfði, skreyttan gimsteinum, brjósthlífin var upphleypt með gulli; sverð hans og tygilknífur hafði hvorttveggja verið smíðað í Fez og glóðu af dýrustu gimsteinum. Búklara hafði hann á öxl sér, og kesjan, sem hann hélt á, var mögnuð með töfrum. Söðulklæðið á hestinum arabiska var dýrðlega útsaumað og slæddist med jörðinni; drambaði hesturinn fnæsandi undir kóngssyni og hneggjaði af fögnuði, er honum ennþá einu-

sinni gafst að líta herbúnaðinn. Bar kóngsson sig svo hvatlega og riddaralega, að hverjum manni varð starsýnt á, en er það varð kunnugt, að hann kallaði sig: „Ástar pílagrím", fór að koma kvik á kvennfólkið uppi á loptsvölunum.

Þegar Ahmed kom að grindunum, var þeim lokað fyrir honum, og var honum sagt, að engum yrði hleypt inn, nema konúngbornum mönnum. Sagði hann þá nafn sitt og ætterni. Þókti því verr, er það varð uppskátt, að hann var múselmaður, og mátti hann ekki vera í burtreið, þarsem vinna átti til kristinnar kóngsdóttur.

Biðlarnir konúngbornu þyrptust nú í kríngum hann með rembilæti og ögruðu honum; einn þeirra, sem var hinn drembilegasti og tröll að vexti, hló að honum fyrir það, hvað hann var grannvaxinn og únglegur og hæddist að nafni því, er hann hafði valið sèr. Varð kóngsson þá reiður og bauð háðfuglinum út. Riðu þeir í sundur, sneru við og riðust að. Valt heljarmennið niður úr söðlinum þegar í fyrsta bragði, er burtstaungin kom við hann. Mundi kóngsson hafa látið þar staðar numið, en hèr var við seiðtryldan hest og vopn að eiga og gat hann við hvorugt ráðið. Sendist hesturinn inni mannþraungina, þarsem hún var þéttust fyrir og feldi burtstaungin hvað, sem fyrir varð, barst kóngsson svo um völlinn í blindni og varpaði öllum til jarðar, jafnt háum sem lágum, og grömdust honum stórvirki þessi, er hann vann nauðugur. Varð konúngur þá hamslaus útaf óverknaði þessum, er framinn var á þegnum hans og gestum. Sendi hann alla verði sína á stað, en þeir voru feldir úr söðli óðara enn þeir voru komnir á bak. Varpaði konúngur nú af sér skikkjunni, tók skjöld og kesju og reið fram til að ægja útlendíngnum með hátign sinni. En konúngurinn fór ekki betri för en hver annar, því hesturinn og burtstaungin fóru ekki í manngreinar álit; geystist

Ahmed nauðugur á móti honum með fjarska ferð og í sama vetfángi sneri hælum konúngs í lopt upp, en kórónan valt niðri ríkið.

Í það mund gekk sól í hádegis stað og fengu álögurnar aptur notið sín; renndi þá hesturinn arabiski yfir þveran völlinn, stökk yfir grindurnar og fleygðist út í Tagusfljótið, svam hann yfir strauminn fossandi og bar kóngsson með öndina í hálsinum og utan við sig af undrun til hellisins; nam hann þar staðar hjá járnborðinu og hreifðist ekki úr því heldur en klettur. Fór kóngsson þá af baki harðla feginn, lagði af sér herbúnaðinn og hugðist að bíða þess, er forlögin létu að hendi koma. Þvínæst settist hann niður í hellinum og fór að hugleiða, í hvílíkan vanda töfrafákurinn og vopnin höfðu stofnað honum. Nú dirfðist hann ekki framar að láta sjá sig í Tóledó, þarsem hann hafði gert riddurum borgarinnar slíka hneisu og hrakið sjálfan konúnginn. Hvað mundi kóngsdóttir nú ætla um þessar ósvífnu og róstusömu aðfarir? Var Ahmed næsta kvíðafullur útaf þessu og lét því sendifugla sína fara á stað til að leita frétta. Páfagaukurinn leitaði til allra opinberra staða, þarsem mannkvæmt var, og kom hann aptur með nóg nýmæli. Sagði hann alla Tóledóborg vera í uppnámi; hefði kóngsdóttir verið borin rænulaus til hallarinnar og öll burtreiðin farið út um þúfur; væri nú ekki um annað talað en hina sviplegu aðkomu serkneska riddarans, hvílík fádæmis hreystiverk hann hefði unnið og hversu kynlega hann hefði horfið á burt. Sumir sögðu hann vera serkneskan galdramann, en aðrir hugðu hann vera anda, er brugðizt hefði í manns líki; þá voru enn aðrir, er kunnu sögur af tryldum köppum, sem heima ættu í fjallshellrum og ætluðu þeir, að þetta mundi vera einn af því liði og hefði hann snögglega brotizt út úr bæli sínu. En það kom öllum saman um, að

enginn dauðlegur maður hefði getað afkastað slíku, og riðið svo marga herkæna og harðsnúna kristna riddara af baki.

Uglan flaug út þegar náttaði og var á flökti yfir borginni meðan dimmt var og settist hún niður á húsþök og reykháfa. Flaug hún til konúngshallar einnar, sem gnæfði á hinum klettótta tindi Tóledóborgar og flögraði híngað og þángað um víggarðana og virkisbustirnar, hleraði hún við hverja smugu, skygndist innum hvern glugga, þarsem ljós var inni, og ránghvolfdi í sér augunum; urðu tvær eða þrjár hirðmeyjar svo hræddar, er þær sáu hana, að þær fèllu í aungvit. Kom hún ekki heim úr njósnarför þessari fyrr en farið var að elda aptur og roða á fjöllum; sagði hún þá kóngssyni hvað hún hafði séð og mælti: „Þegar eg var að snuðra kríngum einn af hæztu turnunum á höllinni varð mèr litið inn um glugga og sá eg þá fagra kóngsdóttur. Hún lá í rúmi og hallaðist upp við svæfil og stóðu kríngum hana þjónustumenn og læknar, en hún vildi ekki þýðast hjálp þeirra nè hjúkum. En er þeir voru farnir út, sá eg að hún tók bréf upp úr barmi sínum, las það og kyssti þvínæst á það hágrátandi, og svo mikill heimspekíngur sem eg er, þá gat eg ekki að því gert, að eg komst við.“

Hjarta Ahmeds hrygðist mjög við þessi tíðindi. „Helzt til satt sagðirðu Eben Bónabben!“ mælti hann, „áhyggjur harmar og andvökur eru elskendanna hlutskipti. Guð varðveiti kóngsdótturina frá hinum skaðvænlegu áhrifum ástarinnar.“

Allar fregnir frá Tóledó sönnuðu sögu uglunnar. Allur borgarlýðurinn var utan við sig af áhyggju og kvíða. Var nú búið að flytja kóngsdóttur upp í hæzta hallarturninn og öruggir verðir settir við alla tröppugánga. Kóngsdóttir var yfirkomin af þúnglyndi, sem enginn vissi, hvernig á stóð, vildi hún einskis neyta og daufheyrðist við allri huggun. Höfðu hinir beztu læknar reynt við hana íþrótt sína og

ekkert orðið ágengt; var það haft fyrir satt, að hún væri orðin fyrir gjörníngum og lét konúngur gera heyrimkunnugt, að hver sem læknaði hana, skyldi fá dýrasta gimsteininn í gripahirzlu sinni. Þegar uglan heyrði auglýsíngar þessarar getið, þarsem hún húkti út í horni, rak hún upp stór augu og varð enn íbyggnari á svipinn enn hún átti að sér.

„Allah Akbar!" sagði hún, „lánsmaður er sá, sem lækníngin tekst, ef hann aðeins veit, hvað hann á að kjósa sér úr gripahirzlu konúngs."

„Hvað áttu við, æruverða ugla?" mælti Ahmed.

„Heyr nú kóngsson!" ansaði hún, „það, sem eg ætla að segja þèr frá. Vèr uglurnar erum miklir fróðleiksfuglar og gefnar fyrir að grúska í myrkrinu. Þegar eg hérna um nóttina var að flögra kríngum hallirnar og turnana í Tóledó varð eg vör við fornfræðislegt uglufèlag, sem heldur fundi sína í stórum turni hvelfdum, þar sem gripir konúngs eru geymdir. Voru þær að ræða um lögun, letur og myndir á gömlum gimsteinum, um gull og silfurker þau, er lágu unnvörpum í gripasafninu, hvernig þau hefðu verið lögnð á hverju landi og á hverri öld, en það sem þær höfðu mestan áhuga á, voru nokkur helgra manna bein og verndargripir, sem verið hafa í gripasafninu frá tímum Rauðreks mikla Gauta konúngs. Þar á meðal voru sandalsviðar öskjur með stálgjörð utanum, er smíðuð var í Austurheimi og grafið á töfraletur, sem engir kunna að lesa, nema fáeinir fjölvitríngar. Hafði fèlagið verið að ræða um öskjur þessar og áskript þeirra í lángan tíma og höfðu hlotizt af því miklar orðadeilur. Þegar eg kom til, sat afgömul ugla, nýkomin frá Egyptalandi á öskjulokinu og leiddi hún rök að því, að í öskjunum væri geymd ábreiðan af hásæti Salómons konúngs hins spaka; kvað hún engan vafa vera á því, að hún hefði borizt

til Tóledóborgar með Gyðíngum, sem flýðu þángað eptir að Jórsalaborg var lögð í eyði.“

Kóngsson sat nokkra stund hugsandi eptir að uglan hafði flutt þessa fornfræðislegu ræðu til enda. Tók hann þvínæst þannig til máls: „Eg heyrði spekínginn Eben Bónabben segja frá hinni undarlegu náttúru verndargrips þessa, sem hvarf þegar Jórsalaborg var unnin og allir hugðu glataðan. Þetta er sjálfsagt hulinn leyndardómur öllum kristnum mönnum í Tóledó. Festi eg hendur á ábreiðunni, þá get eg hrósað happi.“

Daginn eptir fór kóngsson úr hinum skrautlegu klæðum sínum og bjó sig viðhafnarlaust líkt og tíðkast með Aröbum þeim, er búa á eyðimörkum. Hann litaði sig móguian í framan og mundi engum detta í hug, að þar væri kominn hinn glæsilegi hermaður, sem vakti svo mikla undrun og ótta við burtreiðina. Lagði hann á stað til Tóledóborgar með staf í hönd og skreppu við hlið, og hafði á sèr litla hjarðsveins pípu, gekk hann svo fyrir hlið konúngshallarinnar og bauðst til að lækna kóngsdóttur móti þeim verðlaunum, sem heitið var. Lá við sjálft, að varðmenn rækju hann burt með barsmíði. „Hvað ætli þú getir,“ sögðu þeir, „flökkudrengur frá Arabíu, þarsem hinir lærðustu menn hér á landi hafa orðið að gánga frá?“ Konúngur heyrði háreysti þeirra og skipaði þeim að leiða hinn arabiska mann á sinn fund.

„Þú voldugi konúngur!“ mælti Ahmed „eg er Bedúíni frá Arabíu og hef alið meiri hlut æfi minnar í einveru úti á eyðimörkum. Þessir eyðistaðir eru, sem alkunnugt er, hæli djöfla og illra anda, sem æra okkur veslíngs smalana, þegar við vökum einmana, skjótast þeir opt inní hjarðirnar og trylla þær; gera þeir enda úlfaldana óða, sem eru hinar mestu spektar skepnur. Saungur og hljóðfæralist er hið bezta

ráð við meini þessu og kunnum við lög, sem gengið hafa mann frá manni, og þau leikum við og sýngjum til að fæla hina illu anda á burt. Þessi gáfa er mèr ættgeng og hún er mèr veitt svo sem mest má verða. — Sè nú dóttir þín haldin nokkru slíku meini, þá býðst eg til að gera hana alheila af því, og legg eg höfuð mitt að veði.“

Konúngur var vitur maður og vissi að Arabar eiga marga undarlega leyndardóma í vitum sínum og varð hann vonglaður, er hann heyrði kóngsson tala með slíku sjálfstrausti. Fylgdi hann honum undireins upp í turninn; voru á honum margar dyr og var herbergi kóngsdóttur efzt uppi í honum. Gluggarnir vissu út að grasbekk einum og lukt grindum utanum, mátti þaðan sjá yfir Tóledóborg og allar sveitirnar í kríng. Fyrir gluggunum hèngu dökkleit tjöld, því kóngsdóttirin lá þar inni yfirkomin af geðveiki og vildi engri huggun sinna.

Kóngsson settist á grasbekkinn og lèk ýms arabisk lög á hljóðpípu sína; hafði hann lært þau af þjónum sínum í höllinni Generalife í Granada. Gaf kóngsdóttirin sig ekki að því, og læknarnir, sem við voru, hristu höfuðin og glottu með fyrirlitníngar og tortryggnis svip; loksins lagði kóngsson frá sèr hljóðpípuna og saung með einföldu lagi ástarvísurnar, sem staðið höfðu í brèfinu, er hann fyrst sendi kóngsdóttur til að birta henni elsku sína.

Kóngsdóttirin kannaðist við vísurnar og færðist þá lifandi fögnuður um hjarta hennar; hún lypti upp höfði sínu og hlýddi á saunginn, — henni vöknaði um augu og hrundu fögur tárin eptir kinnum hennar, en brjóstin gengu upp og niður af geðshræríngu. Var þá rètt komið að henni að biðjast þess, að saungmaðurinn yrði leiddur inn til hennar, en meyjarleg blygðun aptraði henni. Konúngur sá, hvað henni bjó í huga og var Ahmed eptir hans boði leiddur inn. Vöruðust þau

Ahmed og kóngsdóttir að koma upp um sig; þau litu aðeins hvert til annars, en það augnaráð var hverri orðgnótt auðugra. Aldrei hefir saunglistin unnið glæsilegri sigur en þenna. Nú var aptur kominn rósalitur á vánga kóngsdótturinnar, varirnar voru blómlegar og augun, sem fyrr voru orðin döpur, tindruðu nú af ljóma ástarinnar.

Læknarnir gláptu forviða hver á annan, en konúngur horfði til Ahmeds með lotníngarfullri undrun. „Þú frábæri úngi maður!“ mælti hann „hèðanaf skalt þú vera æðsti hirðlæknir minn og skal saunglistin þín vera læknisdómur minn. Taktu nú fyrst um sinn við verðlaunum þínum, og kjóstu dýrasta gimsteininn úr gripahirzlu minni.“

„Konúngur!“ mælti Ahmed, „eg skeyti ekki um gull, silfur nè dýrmæta steina. Þú átt einn helgan dóm í hirzlu þinni, sem kominn er frá Serkjum þeim, er fyrrmeir ríktu í Tóledóborg, það eru sandalsviðaröskjur og er í þeim silkiábreiða, — fá mèr öskjurnar og þá er eg ánægður.“

Allir, sem viðstaddir voru, urðu hissa á því, hvað hinn arabiski maður beiddist lítils, og furðuðu þeir sig enn meira þegar sandalsviðar öskjurnar voru bornar inn og ábreiðan tekin upp úr þeim. Hún var úr grænu silki smáofnu og alþakin ebresku og kaldeisku letri. Hirðlæknarnir stúngu saman nefjum, yptu öxlum og hlóu að einfeldni þessa nýja læknis, sem lèt sèr lynda svo lèlega borgun.

„Þessi ábreiða,“ mælti kóngsson, „var fyrrmeir lögð yfir hásæti Salómons hins spaka; það sæmir vel að leggja hana fram fyrir fætur hinnar fegurstu meyjar.“

Að svo mæltu breiddi hann áklæðið út á grasreitinn fyrir neðan legubekkinn, sem hafði verið borinn út handa kóngsdótturinni; þvínæst settist hann niður við fætur hennar og mælti:

„Hver fær við því spornað, sem ritað er í bók forlaganna?

Spásögum stjörnuvitrínganna er framgengt orðið. Vita skalt þú konúngur! að við dóttir þín höfum lengi elskazt á laun. Eg er „pílagrímur ástarinnar.“

Óðara en hann hafði mælt þetta, tókst ábreiðan á lopt og sveif burt með kóngsson og kóngsdóttur. Konúngurinn og læknarnir mændu á eptir þeim gapandi og glápandi, þángaðtil ekki sázt nema einsog dökkleitur díll, þarsem þau bar við bjartleitt ský og hurfu þau samstundis út í bláan himingeiminn.

Konúngurinn varð hamslaus og kallaði á gripavörðinn. „Hverju gegnir slíkt?“ sagði hann, „því hefirðu fengið hundheiðnum manninum slíkan verndargrip í hendur?“

„Æ, herra!“ svaraði hann, „við þekktum ekki náttúru ábreiðunnar og gátum ekki lesið letrið á öskjunum. En hafi það verið ábreiðan af hásæti Salómons hins spaka, þá er það víst, að henni fylgir mikil náttúra og getur hún borið eiganda sinn úr einum stað í annan yfir láð og lög.“

Nú dró konúngur að sèr óvígan her og hèlt til Granada til að elta Ahmed og dóttur sína. Sóktist honum leiðin seint og illa. Hann setti tjöld sín á slèttlendinu og sendi kallara til að heimta aptur dóttur sína. Kom konúngur sjálfur til móts við hann með alla hirð sína, en konúngurinn var arabiski saungmaðurinn, því Ahmed var seztur að völdum eptir föður sinn andaðan og Aðalgunna hin fagra var drottníngin hans.

Kristni konúngurinn var fús til sátta, er hann varð þess áskynja, að dóttir hans fèkk að halda trú sinni; gekk honum þó ekki guðhræðsla til, en konúngar eru jafnan tiltektasamir og reglufastir í trúarefnum. Nú gekk ekki á blóðugum bardögum, heldur hátíðum og gleðiveizlum, en að því búnu sneri konúngur heim aptur til Tóledóborgar og undi vel

ferð sinni; en úngu hjónin ríktu viturlega og farsællega í Alhambra.

Þess ber að geta, að þau uglan og páfagaukurinn höfðu fylgt kóngssyninum til Granada í hægum áfaungum; uglan ferðaðist ávallt um nætur og tafði við, þarsem ættíngjar hennar áttu óðöl, en páfagaukurinn spjátraði sig á gleðifundum heldra fólks í hverri borg, sem lá í vegi hans.

Ahmed launaði þeim þakklátlega allan þann greiða, sem þau höfðu gert honum á pílagrímsferðinni. Ugluna gerði hann að æðsta ráðgjafa sínum, en páfagaukinn að hirðsiðameistara. Má því nærri geta, að aldrei hefir nokkru ríki verið betur stjórnað eða hirðsiðanna betur gætt en þar var.

Lbs - Íslandssafn

1001994248

